



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat deilda	6
2.1	Allar deildir	6
2.2	Yngstu deildir Tröllheimar og Stjörnukot	7
2.3	Hulduheimar	7
2.4	Álfheimar og Mánakot.....	8
2.5	Eldhúsin	8
3	Lykilhugtök í Sunnufold og skólastarfið 2019-2020	8
3.1	Elstubarna deildir Mánakot og Álfheimar og miðjudeildin Hulduheimar:	8
3.2	Yngri barna deildir Tröllheimar og Stjörnukot.....	10
3.3	Allar deildir	10
4	Samstarf við aðra leikskóla.....	11
5	Ytra mat	11
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	11
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	12
7.1	Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland	12
7.2	Samstarf við sunddeild Fjölfnis.....	12
8	Foreldrasamvinna.....	12
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
10	Fylgigögn.....	13
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	13



1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólastarf er komið af stað eftir sumarleyfi og ný börn að bætast í hópinn, 2014 árgangurinn er kominn í grunnskóla og nokkur börn eru farin í aðra leikskóla. Elsti árgangur leikskólans eru nú börn fædd 2015 og yngstu börnin eru fædd á fyrri helmingi ársins 2019.


Stöðugleiki er í starfsmannahópnum, við hefjum skólaárið án nýráðninga. Eins og gefur að skilja höfum við ákveðinn fjölda stöðugilda og stundum er ráðið afleysingafólk til skemmri tíma. Foreldrar tala stundum um starfsmannaveltu og því miður getur það verið tilfinning foreldra þar sem við erum vissulega mörg sem komum að uppeldi barnanna. Það er hins vegar gleðiefni að margir kjósi að starfa áfram í Sunnufold og nokkrir starfsmenn sem stunda nám í kennarafræðum.

Eftir óvenjulegt skólaár er komið að því næsta og hefst það með heimsfaraldur Covid19 í brennidepli. Ljóst er að verkföll síðasta skólaárs og Covid19 í kjölfarið hafði talsverð áhrif á allt starf leikskólans eftir áramót. Við erum stolt og ánægð með að vel hefur til tekist. Nú er stefna skólayfirvalda að vernda skólastarf fyrir börnin og við tökumst glöð á við það verkefni.

Móðir í Sunnufold bað um yfirlit á starfi með elstu börnunum og við brugðumst við með því að setja niður á blað hvernig *elstu barna starfið* er hugsað og framkvæmt (sjá fylgirit).

Við höldum áfram að hlaða starf okkar merkingu með aðstoð lykilhugtakanna fimm sem við táknum með hendi með fimm fingrum, fimm lykilhugtökum.





Allt er háð takmörkunum og eitt lykilhugtaka okkar sjálfræði átti undir högg að sækja seinni hluta síðasta vetrar. Bæði vegna verkfallsins og ekki síður vegna þeirra skorða sem heimsfaraldurinn setti okkur. Við gerðum aftur ýmislegt fyrir börnin sem við höfum viljað veita þeim rétt til að gera sjálfum. Starf okkar á nýju skólaári mun felast í að efla bæði starfsfólk og börn aftur í þeim hluta sjálfræðis sem við í Sunnufold leggjum áherslu á sjá mynd sem við höfum gert okkur, hér fyrir ofan.

Við höldum áfram samstarfi við leikskólana Engjaborg, Funaborg og Hólaborg í fræðasamfélagi. Einnig bætist við það samstarf styrkur frá Erasmus sem nýttur verður í ráðstefnur fyrir starfsmenn. Þátttaka leikskólans er á þann hátt að einn til fjórir starfsmenn fara á ráðstefnu hverju sinni og er því ekki þörf á að nýta skipulagsdaga leikskólans vegna þessa. Tímabilið sem áætlað er að nýta styrkinn er frá 1. desember 2020 og í 18 mánuði eftir það. Ljóst er að leikskólinn fylgir leiðbeiningum Skóla- og frístundasviðs gagnvart því hvort óhætt er að ferðast utan landsteinana hverju sinni miðað við áhættu vegna Covid19.

Nú er tíunda starfsár Sunnufoldar að hefjast og annað sem tveggja húsa leikskóli. Samstarfið milli húsanna hefur gengið vel og stefnum við að sambærilegu námsumhverfi og áherslum í daglegu starfi á öllum deildum að sjálfsögðu miðað við aldur og þroska barnanna. Eftir því sem líður á leikskólagönguna verður starfið formfastara en leikur er aðalnámsleið leikskólabarna (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í vetur verða eins og ber sex skipulagsdagar. Fræðsla hefur ekki að öllu verið ákveðin en við höfum þegar pantað skyndihjálparnámskeið þann 5. febrúar og einnig fræðslu um starfsanda og þátt hvers og eins til að skapa hann og viðhalda. Kvan mun sjá um þá fræðslu.

Hér á eftir fylgja töflur þar sem dregið er saman varðandi matsstarf sem unnið hefur verið og gert er ráð fyrir að vinna. Það er alltaf stór liður á starfsdögum að vinna að mati á starfinu. Þá er farið yfir hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Það er þó einnig þannig að stöðugt er tekist á við að breyta og bæta eftir því sem við á. Sem dæmi má nefna að með fræðslu um sóttvarnir höfum við eins aðrir þurft að breyta nokkuð nýtingu húsnæðis skólans og er margt af því til bóta og verður áfram þannig þar til nýjar áherslur hrinda af stað breytingum aftur. Dæmi um þetta er að nú hafa börnin kaffistofuna í Frosta fyrir sig. Heyrst hefur orðið Barnastofa um það rými. Þar inn fara litlir hópar í og rýmið býður upp á nánd og ró sem hæfir t.d. spilamennsku, listsköpun og ýmiss konar sérkennslu. Starfsfólkið hefur aftur tekið salinn sem kaffistofu og vinnuherbergi. Í Loga er unnið að endurbótum varðandi fatageymslu fyrir starfsfólk því útigallarnir eru eiginlega farartálmi þar sem þeir hanga við salernisaðstöðuna.

Breyting sem verður í nú í byrjun september er að einn hópur verður gerður á facebook fyrir bæði Frosta og Loga. Um leið leggjum við niður þá sér hópa sem nú eru. Þetta gerum við til að tryggja öllum sömu upplýsingar og til að þurfa ekki að setja þær inn tvisvar. Við viljum vera einn leikskóli sitt hvoru megin við Fjallkonuveg og tryggja að börnin njóti þess besta hverju sinni. Markmiðið er að þjappa okkur saman og auka jákvæða og styrkjandi umræðu. Foreldrarnir eru fjársjóður hvert fyrir annað og gott að kynnast öðrum foreldrum í hverfinu. Það er líklegt að slík kynni og stuðningur verki eflandi á skólagöngu barnanna núna og í framtíðinni.

Ég læt þessum inngangi lokið. Hér fylgja matsniðurstöður í töfluformi sem Anna aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórnir hafa tekið saman og nota sem vinnuþlög á deildunum með öllu starfsfólki.

Við höfum öll væntingar um gott og farsælt skólaár og óskum foreldrum og börnum þess besta. Við vitum að afleiðingar heimsfaraldurs hefur snert mismunandi mikið við lífi fólks og vonum að leikskólinn hafi bolmagn til að vera foreldrum góður samstarfsaðili.



2 Innra mat deilda

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæ ri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
2.1 Allar deildir							
Þekking starfsmanna á lykilhugtökum	Styrkja þekkingu starfsmann a á lykilhugtök um	Upprifjun á starfsdegi og í upphafi tímabíla.	Aðstoðarleikskóla stjóri og deildastjórar		Aldre i lokið	Samtöl í hópum	Að starfsmenn þekki lykilhugtök Sunnufold ar og geti nýtt þau í starfi.
Þekking foreldra á lykilhugtökum	Kynna lykilhugtök in betur fyrir foreldrum	Gera vinnu við tímabílin sýnilega þannig að hún skili sér heim.	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólas tjóri		Aldre i lokið.		Að foreldrar geti auðveldleg a nálgast þekkingu um lykilhugtök Sunnufold ar.
Hljóðvist	Bæta hljóðvist á Álfheimum , Hulduheim um og Mánakoti	Í samvinnu við rekstraraðila	Rekstraraðilar og leikskólastjóri	Sem fyrst	Sem fyrst	Viðurkenndar aðferðir eftir leiðbeiningum frá rekstraraðilum.	Hljóðvist sé eðlileg miðað við viðmið.
Hrekkjavakan	Sterk krafa frá foreldrum er gerð að hrekkjavak an sé gerð að viðburði í Sunnufold.	Deildastjórar Sunnufoldar finna leið til að vinna með Hrekkjavökun a í samvinnu með stjórnendum Sunnufoldar	Leikskólastjóri	Verður unnið í október 2020		Endurmetið á deildarfundum og síðan deildastjórafund um.	Að framkvæm din sé hæfileg miðað við börn á leikskólaal dri.



Heimasíða leikskólans	Er nýtt sem rafrænn bæklingur um starfið í Sunnufold	Þarfnast skoðunar í samstarfi við rekstraraðila.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólaskólastjóri.				
Facebooksíða leikskólans	Tryggja jafnt framboð til barna bæði í Frosta og Loga.	Sameina Facebooksíðu rnar tvær í eina undir nafninu Sunnufold.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólaskólastjóri..	Haust 2020			
Leikfangakostur	Margt af leikföngum orðið ónýtt og ljóst er að það vantar meira leikefni.	Fara vel yfir leikfangakost. Nýta það sem hægt er. Ganga vel um allan efnivið. Gæta að gæðum í innkaupum.	Deildarstjórar Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólaskólastjóri.	Skólaár 2020-2021			
2.2 Yngstu deildir Tröllheimar og Stjörnukepping	Áfram er unnið með að gera aðlögun betri fyrir alla.	Sleppum svefni fyrsta daginn í flestum tilfellum. Lagfæra aðlögunaráætlun.	Deildarstjórar yngstu deilda	Júní 2020			Að aðlögun gangi vel.
2.3 Hulduheimar							
Leikföng í vinnuhæð barna	Endurskoðaða rými, leikefni og leikfangailát.	Kynna tilgang staðsetningar fyrir starfsmönnum.	Deildarstjóri	Ágúst	Aldrei lokið.	Á deildarfundum	Að leikefni sé aðgengilegt og skapi ekki óþarfa hættu.
Hamingjutímabilið	Vinna með vináttu sérstaklega	Kynna tilgang verkefnis fyrir starfsmönnum	Deildarstjóri	Ágúst	Aldrei lokið	Á deildarfundum	Efla vináttu barna og læra merkingu



							orðsins að deila.
2.4 Álfheimar og Mánakot	Endurskoðaða námsumhverfi barnanna.	Hafa efnivið í aðgengi barna og bók- og tölustafi sýnilega. Nýta rými deildarinnar sem best.	Skólaár 2020-2021	Deildarstjóri	Aldrei lokið	Reglulega á deildarfundum	Að námsumhverfi nýtist sem best.
2.5 Eldhúsin	Vinna að samræmingu milli húsa. Staðla matseðla. Tryggja matseld í samræmi við ráðleggingar Landlæknis.	Funda með matráðum. Skerpa á viðmiðum við matráða.	Leikskólastjóri ber ábyrgð. Framkvæmdaraðilar eru matráðar.	Stendur yfir námsárið 2020-2021.			Að samræming náist milli húsa og að tryggt sé að farið sé að viðmiðum Landlæknis eins vel og kostur er.

3 Lykilhugtök í Sunnufold og skólastarfið 2019-2020, þ.e. síðasta skólaár

Á skipulagsdegi í september 2019 voru sett niður markmið með fyrstu tvö tímabilin Hamingju og Málrækt. Þau tímabil ná frá ágúst til loka desember. Markmið varðandi hin þrjú tímabilin leikinn, sjálfræði og heilbrigði voru sett fram á deildarfundum og skipulagsdegi í febrúar. Markmiðin voru sett niður á þann hátt að eldri deildir Álfheimar, Hulduheimar og Mánakot funduðu saman annars vegar og hins vegar Stjörnukot og Tröllheimar. Þetta var gert til að auka samvinnu og hafa sömu markmið milli húsa enda erum við einn leikskóli.

3.1 Elstubarna deildir Mánakot og Álfheimar og miðjudeildin Hulduheimar:

Vináttuverkefni Barnaheilla *Blær* var tekið inn á Álfheimum, Hulduheimum og Mánakoti á hamingjutímabilinu og svo unnið áfram í vetur. Þar er unnið með klípusögur en hugmyndafræði með Blæ verkefninu er sett saman með fjögur gildi í huga ; Umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Á næsta hamingjutímabili er tillaga að kafa dýpra í



tilfinningar og hvernig okkur líður í ákveðnum aðstæðum. Reynt verður að gæta þess að vinna í hæfilega stórum hópum.

Á málræktartímabilinu var ákveðið að unnið yrði með ákveðnar þulur og lög. Við fengum hrós frá foreldrum vegna þessa liðs þar sem þetta skilaði sér vel heim. Tekið var inn málörvunarefni *Lubbi finnur málbein* sem unnið er út frá því að börnin læra íslensku málhljóðin í þeirri röð sem gerist í náttúrulegri máltöku. Það fór vel af stað á eldri deildum en hægðist á eða stöðvaðist í kjölfar verkfalls í febrúar og mars og síðan Covid19 veirunnar. Við stefnum ótrauð á að halda áfram með þessi verkefni næsta haust. Orðataskan sem hafði verið ákveðið að vinna með féll í skuggann og var lítið unnið með hana. Hins vegar var aðferð Orðaspjalls notuð í sögustundum en mikil áhersla er lögð á að lesa bækur fyrir börn á öllum deildum einu sinni til tvisvar á dag í hópum og fyrir eitt og eitt þegar tækifæri gefst og eftir því sem ákveðið er að einstök börn þurfi á að halda. Orðaspjall er aðferð sem felst í því að þegar lesið er fyrir börnin er staldrað við þegar ný orð koma fyrir. Orðin eru útskýrð og oft skrifuð fyrir börnin og spjallað aðeins um þau. Starfsmenn eru eindregið hvattir til þess og að fylgjast vel með og aðstoða þegar börnin velta fyrir sér tungumálinu. Íslenska stafrófið var haft sýnilegt á deildum þannig að hvert barn gat fundið sinn staf og notað til eftirhermu þegar þau vilja skrifa nafnið sitt.

Á næsta málræktartímabili er stefnan að vinna í enn minni hópum svo skapist betra rými þannig að allir í hópnum nái að taka virkan þátt.

Á leiktímabilinu var lögð áhersla á að nýta það sem börnin höfðu lært í Blæ-stundum og gefa samleik betra rými. Deildarstjórar og starfsfólk deilda var hvatt til að grandskoða leikrými deildanna með það í huga að skapa rými, næði og sem best leikrými miðað við húsnæði. Ljóst er að huga þarf betur að hljóðvist á eldri deildum Álf- og Hulduheimum í Frosta þar sem innréttingar hafa breyst talsvert og aukinn hávaði er nú til staðar. Salinn í Frosta mætti nota meira. Einnig var starfsfólk hvatt til að skoða leikfangakost leikskólans bæði með það í huga að nota vel það sem til er og passa að ekkert gleymist og einnig til að sjá þörfina fyrir endurnýjun. Það tímabil sem sérstakar ráðstafanir voru vegna Covid19 opnaði augu okkar fyrir hversu mjög okkur vantar geymslurými.

Þar sem Sunnufold er í tveimur húsum og mikil samvinna er á milli er starfsfólk líka farið að hafa opinn huga fyrir því að lána leikföng ekki aðeins milli deilda heldur einnig milli húsa og þá nýtist leikfangakosturinn vel þar sem þörf er fyrir hann hverju sinni.



3.2 Yngri barna deildir Tröllheimar og Stjörnukot

Hamingjutímabilið hófst með því að aðlaga ný börn inn í leikskólann á báðum deildum. Þá skiptir vellíðan barnanna miklu máli og er það aðalmarkmiðið með þessu tímabili að aðlögun nýrra barna gangi vel og einnig að þeim börnum sem eru fyrir líði vel. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að heilsa og kveðja sem skiptir svo miklu máli. Að maður upplifi að það sé beðið eftir manni og að manni sé þakkað fyrir tilvist sína og samveru í leikskólanum.

Hamingjutímabilið tókst vel. Aðlaganir gengu vel og starfsfólk var virkt í sínum hlutverkum og gætti vel að heilsa og kveðja öll börn í upphafi og lok dags.

Það hefði mátt gera hamingjutímabilið sýnilegra og næst er það áætlað með verkefnum því tengdu.

Á málræktartímabilinu var ákveðið að vinna með lög og þulur með börnunum, nýta öll tækifæri í daglegu starfi til málörvunar með því að tala við börnin, setja orð á athafnir og hlusta vel á það sem börnin höfðu að segja að ógleymdu að syngja og hlusta á tónlist.

Þetta tímabil gekk vel þar sem tungumálið er afar stórt verkfæri hér í leikskólanum.

Næst er markmiðið að gera tímabilið sýnilegra foreldrum.

Leiktímabilið hófst í janúar. Leikur er aðalnámsleið barna á leikskólaaldri og því aðalstörf yngstu barnanna að læra á leikefni, skiptast á og deila því með hverju öðru. Kennarar og starfsmenn deildanna voru hvattir til að skoða námsumhverfið og hvernig það myndi nýtast sem best og því sást að stundum var húsgögnum og leikefnum snúið og breytt og bætt til þessa.

3.3 Allar deildir

Þá er komið að sjálfræðistímabilinu en það féll inn í verkfallstímabilið í vetur og einnig skerðingar á hefðbundnu leikskólastarfi vegna Covid19 faraldursins. Vanalega höfum við lagt áherslu á að börn geri enn meira sjálf á þessu tímabili, leggi á borð og gangi frá, skammti sér sinn eigin mat og smyrji það sem þarf að smyrja en það var ekki leyfilegt á Covid19 tímum og erum við nú í júní að fá börnunum þessi verkefni smám saman vegna þess að vel hefur gengið að berjast við veiruna á Íslandi síðustu vikurnar fyrir sumarfrí. Það er ljóst að þetta verður verkefni næsta vetrar að efla sjálfræði barna og starfsfólks á nýjan leik.

Heilbrigðistímabilið hófst þegar takmörkunum vegna Covid 19 var aflétt þann 4. maí og þá fólst það aðallega í því að komast aftur í venjubundin störf í leikskólanum og gönguferðir

voru mikið nýttar í tilefni tímabilsins og til að kynna hverfið fyrir börnunum. Ljóst er að hefðbundið leikskólastarf er að verða komið á rétt ról núna í júní.

4 Samstarf við aðra leikskóla

Sunnufold hefur í vetur tekið þátt í verkefni með leikskólunum Hólaborg, Engjaborg og Funaborg sem felst í sjálfseflingu starfsmanna sem leiðir til sjálfseflingar barna. Verkefni fékk styrk úr þróunarsjóði Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur borgar. Gefin voru út tvö myndbönd sem sýna grundvallaratriði þess að vinna með í leikskóla en fleiri myndbönd eru á leiðinni. Þetta samstarf leikskólanna fjögurra mun halda áfram á næsta námsári. Haldið verður áfram með myndbandagerð en að minnsta kosti tvö myndbönd eru á dagskrá. Þá munu leikskólarnir standa að ráðstefnu sem haldin verður 12. mars 2021 fyrir starfsfólk leikskólanna fjögurra.

Einnig eru áður nefndir fjórir leikskólar í samstarfi vegna Erasmus+ námsferða sem farnar verða á 18 mánaða tímabili sem hefst 1. desember 2020. Þá fara 1-4 starfsmenn frá hverjum leikskóla í hverja ferð þannig að ekki er talin þörf á að nýta skipulagsdaga vegna þessa.

5 Ytra mat

Ytra mat var ekki framkvæmt.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Allir starfsmenn sóttu slysavarnarnámskeið og viðbrögð við slysum.

Þrír starfsmenn sóttu grunnnámskeið um röskun á einhverfurófi á vegum Greiningarstöðvarinnar Tveir starfsmenn, einn fulltrúi úr Loga og annar úr Frosta sóttu Barnasáttmálinn í leikskólanum á vegum Unicef. Tveir starfsmenn sóttu námskeið um námsefni Lubbi finnur málbein. Tveir starfsmenn sóttu námskeið um Tengslavanda barna og ungmenna. Einn sótti réttindanámskeið vegna Íslenska máhljóðamælisins auk þess sem einn sat réttindanámskeið vegna Efi-2.

Tveir starfsmenn luku meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Þann 1. desember skólaárið 2020-2021 hefst 18 mánaða tímabil þar sem Sunnufold tekur þátt í Erasmus+ verkefni en leikskólinn hefur fengið styrk til þess ásamt Funaborg, Engjaborg og Hólaborg. Þessir leikskólar hafa unnið saman síðasta skólaár í þróunarverkefni með styrk frá Reykjavíkurborg. Erasmus+styrkurinn verður nýttur þar sem 1-4 starfsmenn fara á ráðstefnur í Finnlandi, Írlandi og Danmörku ef aðstæður verða til þess í ljósi stöðu á Covid19 faraldrinum hverju sinni. Ekki er þörf á að loka leikskólanum vegna þessa þar sem einungis fáir starfsmenn fara í einu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

7.1 Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland

Samstarf var áfram við Foldaskóla eins og verið hefur og verður áfram næsta skólaár ef aðstæður leyfa. Það hefst á Degi íslenskar tungu þann 16. nóvember með því að 5. bekkur kemur í heimsókn á eldri deildir þar sem er þau lesa fyrir leikskólabörnin. Síðan hafa börnin farið í reglulegar heimsóknir yfir veturinn í Foldaskóla þar sem þau fá að taka þátt með fyrsta bekk í smíðatíma, íþróttatíma auk heimsóknar á skólabókasafnið. Það gekk þó ekki allt eftir á liðnu námsári þar sem verkföll og Covid 19 faraldurinn komu í veg fyrir það.

Sunnufold er einnig í samstarfi við Frístundaheimilið í Foldaskóla en vanalega hafa börn úr Sunnufold fengið að fara í heimsóknir reglulega yfir veturinn og tókst það framan af vetri þar til verkföll og Covid19 faraldurinn komu í veg fyrir það.

Skipulag næsta skólaárs er ekki tilbúið en textinn hér að ofan gefur ágæta mynd af því hvernig samstarfinu hefur verið háttað. Foldaskóli vildi skipuleggja starfið með fundi í september og er það á áætlun ef aðstæður leyfa vegna Covid19. Samstarfið við Regnbogaland verður sömuleiðis fastsett þá miðað við aðstæður.

7.2 Samstarf við sunddeild Fjölnis

Frá árinu 2015 hafa hefur Sunnufold verið í samstarfi við Sunddeild Íþróttafélagsins Fjölnis. Það felst í því að elstu börnin fara á sundnámskeið sem stendur í 9 daga í júní þegar grunnskólar hafa lokið sínu sundnámi. Þá fylgja starfsmenn Sunnufoldar börnunum gangandi út í Grafarvogslaug og aðstoða þau við að læra á fataklefann og sturtuklefann og þá tekur sundkennarinn við þeim. Þetta hefur gefist afar vel, börnin hafa verið glöð að fara og afraksturinn sést síðan að þau eru öruggari með sig í fataklefum bæði íþrótt og sunds þegar þau fara í skólaíþróttirnar í fyrsta bekk einnig æfast þau í að fara eftir fyrirmælum þjálfara.

8 Foreldrasamvinna

Í Sunnufold er lögð mikil áhersla á góða samvinnu og samskipti við foreldra og heimili barna. Þannig verður til sameiginleg þekking sem umlykur uppeldisheim barnsins. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- Kynning fyrir foreldra verður haldin í hvoru húsi fyrir sig þar sem farið verður yfir deildarstarf komandi skólaárs. Foreldrar eru hvattir til að mæta. Það verður þó að miðast við

sóttvarnaraðgerðir vegna Covid 19 hvort fundað verður á staðnum eða gegnum fjarfundarbúnað.

- o 22. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Frosta 19:30
- o 23. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Loga 19:30
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúi foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár. Fulltrúar úr starfsmannahópnum funda með ráðinu ásamt leikskólastjóra og hefur umsögn um starfið í leikskólanum. Fundir eru 6-7 yfir skólaárið.
- Foreldrafélög hafa verið starfandi við báðar starfstöðvar en við hugum að því að hafa eitt félag til að tryggja að börnin í Sunnufold fái jafnari tilboð um framlag foreldra til leikskólastarfsins auk samvinnu við t.d. pöntun á ljósmyndara og þess háttar.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar sinnum á ári. Foreldrum er ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.
- Að auki eru foreldrar elstu barna boðaðir í samtal vegna niðurstaðna úr Hljóm-2 prófinu sem athugar stöðu hljóðkerfisvitundar barnanna á síðasta leikskóla árinu.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar leikskólans verða;

5. október Sameiginlegur með grunnskólum

27. nóvember Starfsdagur í Sunnufold

5. febrúar Sameiginlegur með grunnskólum

12. mars Sameiginlegur með Engjaborg, Funaborg og Hólaborg Ráðstefna lærdómssamfélags leikskólanna fjögurra.

10. maí Sameiginlegur með grunnskólum

11. júní Starfsdagur í Sunnufold

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans



Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Efni: Umsögn foreldraráðs Sunnufoldar um starfsáætlun 2020-2021

Reykjavík 13. september 2020

Þann 13. september s.l. kom foreldraráð leikskólans Sunnufold saman og ræddi fyrirbyggjandi starfsáætlun skólans. Starfsáætlun og skóladagatal leikskólaársins 2020-2021 var kynnt foreldraráði í septembermánuði og endurspeglar hvoru tveggja það starf og þá stefnumótun sem hefur verið í gangi í leikskólanum. Að mati ráðsins ber áætlunin merki að unnið sé faglega eftir þeim áætlunum sem skólinn setur fram.

Samstarf við foreldra gengur vel í Sunnufold. Mikil ánægja er með að bætt hafi verið úr þeim atriðum sem sett var út á í síðustu umsögn ráðsins þ.e. fyrir starfsárið 2019-2020, þá einkum varðandi upplýsingaflæði til foreldra. Bætt hefur verið úr upplýsingagjöf til foreldra um flest allt er viðkemur börnunum og er mikil ánægja með það. Foreldrar fá nú reglulega tölvupósta um hina ýmsu viðburði sem hafa átt sér stað og einnig þá sem væntanlegir eru. Sömuleiðis ef nýjir starfsmenn hefja störf við skólann þá hefur það verið kynnt foreldrum í tölvupóstum og einnig á töflum við deildir skólans. Telst þetta til mikilla úrbóta. Þá er mjög jákvætt að unnið sé með bæði hús skólans, Frosta og Loga, sem eina heild þannig að sömu upplýsingar komi frá báðum stöðum. Ennfremur er aðgangur að kennurum skólans mjög góður, hvort sem um er að ræða létt spjall í fatahenginu eða óskað er eftir formlegum fundi.

Jákvætt er að innra mati skólans sé skerpt á lykilhugtökunum fimm: hamingju, málrækt, leik, hollustu og sjálfræði. Síðasta atriðinu hafa verið settar þó nokkrar skorður vegna covid faraldursins og mikilvægi smitvarna en vonandi eflist þessi þáttur aftur á komandi starfsári.

Þá má nefna að á liðnum árum hafa komið fram athugasemdir frá foreldrum varðandi ósamræmi milli leik- og grunnskóla í sambandi við hrekkjavökuna. Úr þessu hefur verið bætt og er hrekkjavakan nú komin inn í skóladagatalið. Fagnar ráðið því.

Varðandi þætti sem bætur mættu fara og fjallað er um í áætluninni má þar helst nefna hljóðvist og rými á eldri deildum, þ.e. Álf- og Hulduheimum. Ljóst er að mörg börn eru á þessum deildum og rými takmarkað svo afar mikilvægt er að rýmum sé skipt skipulega niður þannig að börn sem þurfa næði til móts vil leik geti komist í það næði sem nauðsynlegt er hverju sinni. Hefur borið á því að börnin komi heim afar þreytt og tætt eftir mikinn hasar yfir daginn. Vissulega fylgir leikskólastarfi mikið fjör og mikill asi en ráðið leggur áherslu á að unnið verði sem best með það rými sem til staðar er, einkum út frá mismunandi þörfum barnanna.

Foreldraráð fagnar markmiðum skólans og telur starfsáætlun og skóladagatal faglega unnið. Námskráin gefur góða mynd af því frábæra starfi sem unnið er á hverjum degi í skólanum.

Fyrir hönd foreldraráðs Sunnufoldar,
Olga Dís Þorvaldsdóttir.

Kæru foreldrar elstu barna í Sunnufold, barna sem fædd eru 2015

Barnið þitt er komið á síðasta ár í leikskóla og mun í vetur taka þátt í *elstu barna starfi* í Sunnufold. Við vonum að tíminn hingað til hafi verið góður og að barninu þínu líði vel í leikskólanum. Það er meginmarkmið með skólastarfi að börnunum líði vel, fái skilning um sig sem hæfileikaríkt fólk, öðlist vilja til að læra og taka þátt í að móta gott samfélag fyrir okkur öll (Aðalnámskrá, 2011).

Leikskólastarfið með elstu börnunum

Í Sunnufold tölum við um *starf elstu barnanna*. Vegna aldurs þeirra og þroska er tilboðið í leikskólanum með nokkuð meiri formfestu en hjá yngri börnunum, við gerum að sumu leyti auknar kröfur til þeirra, sem eru aldursmiðaðar, en þau fá einnig áfram persónulega umönnun sem hæfir þeim hverju og einu. Leikur heldur áfram að vera þeirra mikilvægasta námsleið og þau hafa áfram aðgengi að fjölbreyttu leikumhverfi.

Í Sunnufold fléttast grunnþættir menntunar saman við allt daglegt starf og dagskipulagið tryggir börnunum daglegan lestur, samtöl, grunnstærðfræði, söng, umhverfisvitund og félagsfærni. Elstu börnin eru hluti af aldursblönduðum deildum og leikfélagar þeirra geta verið nær ári eldri eða meira en árinu yngri á sömu deild, og enn yngri á öðrum deildum. Elstu börnin eiga að læra að hjálpa þeim sem yngri eru og vera þeim fyrirmynd. Það er verndandi fyrir báða aðila og eykur ábyrgðartilfinningu eldri barnanna.

Hvað er nýtt

Börnin fá tilboð sem eru aldurssvarandi t.d. fleiri ferðir á söfn. Safnaferðir eru undirbúnar með fræðslu og það er síðan unnið úr þeim í leikskólanum. Slík úrvinnsla eru samtöl, börnin segja frá, teikna það sem þau hafa séð og ritað mál kemur við sögu. Námsumhverfi Sunnufoldar er þannig háttað að bókstafir eru börnunum sýnilegir og þau nota þá til fyrirmyndar þegar aldurssvarandi áhugi þeirra á lestri og ritun hefst.

Á síðasta leikskólaári styrkjum við vitneskju barnanna um aldur sinn, afmælisdag og heimilisfang. Við tryggjum að þau hafi öll lært að telja og geti nýtt það sér til gagns. Klukka verður aukinn partur af lífinu með því að þau þurfa oftast að passa tímann og er bent á að nota klukkurnar á veggjum leikskólans. Þær eru með tölustöfum og vísum, en ekki stafrænar.

Við undirbúning ferða kemur ritað mál við sögu með því að kennari les fyrir börnin um ferðatilhögun og tengda fræðslu. Síðan er einnig unnið með ritun þegar kennari skráir frásagnir barnanna eftir ferðir. Þau skrá sjálf með teikningum og læra um leið að halda á ritfangi, hafa gert það í mörg ár reyndar, en það þarf að árétta við suma að gera rétt. Við svona vinnu verður til áhugi barnanna og þau fá aðstoð sem samsvarar þroska þeirra hvers og eins. Útkoman er misjöfn en það eru margir námsþættir sem fléttast inn í samfellda ferla, sem samt spanna kannski viku eða vikur. Í sameiginlegri námskrá leik- og grunnskóla, eru sömu áherslupættir um vellíðan, samvinnu, félagsfærni, læsi, sköpun og einnig umhverfismennt. Varðandi síðasta þáttinn flokkum við sorp í Sunnufold, höfum dregið úr notkun plastpoka og ræðum um matarsóun. Í leikskóla verða stundum ósýnilegir þættir kennslu, með því að við lifum það sem við kennum og lærum, að læra með því að gera.

Samstarf við Regnbogaland og Foldaskóla

Skólastigin eiga að tryggja börnunum samfellu svo stór þáttur í starfi okkar *með elstu börnunum* er að kynna þeim starfið í Foldaskóla og Regnbogalandi. Þetta árið munum við þó taka mið af ástandinu varðandi sóttvarnir og e.t.v. verðum við að miða starfið í vetur við það sem sóttvarnaryfirvöld boða. Nánari fréttir af því jafn óðum og þær berast.

Samstarfið við Foldaskóla hefur hafist hvert ár með því að fimmtubekkingar úr Foldaskóla koma í Sunnufold og lesa fyrir börnin. Þetta hefur verið gert á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert. Síðan hafa börnin farið í reglulegar heimsóknir í grunnskólann eftir áramót. Þau fara í smíðatíma, taka þátt í samsöng og í tíma hjá 1. bekk.

Samstarfið við Regnbogaland hefur verið með þeim hætti að börnin fara í frístund og eru þar bæði í skipulögðu og óskipulögðu starfi, eini sinni í mánuði. Markmiðið er að þau læri á umhverfið í Regnbogalandi og viti svolítið um hvernig er að vera í frístund eftir skóla.

Safnaferðir, leikhús og samstarf við ýmsa aðila; fræðsla og skemmtun

Hluti af *elstu barna starfinu* í Sunnufold eru ferðir á söfn, í leikhús og þau fá heimsókn frá Slökkviliðinu í leikskólann. Þau fara áfram með þegar Brúðubíllinn kemur í hverfið. Umferðarskólinn er með tilboð fyrir þau á vorin og stundum koma upp óvænt tækifæri sem við grípum oftast fegins hendi því *elstu börnin* eru orðin snögg að bregðast við, það er liður í auknum þroska þeirra að þau eru meira sjálfbjarga.

Farin er jólaferð á Árbæjarsafn, ferðin er undirbúin og úrvinnsla á sér stað. Í safninu er sagt frá jólahaldi áður fyr. Elstu börnin hafa fengið leikhúskynningar hjá Borgar- og Þjóðleikhúsinu. Fastur liður hefur einnig verið að fara á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Nú um stundir er það óljóst hvernig þessu verður háttað í vetur.

Ábyrgð á *starfi elstu barnanna* hafa Lísu á Álfheimum og Halldóra á Mánakoti. Þegar þetta er ritað hefur afstaða ekki verið tekin til þess hvað komi í staðinn ef okkur verður óheimilt að fara með börnin á söfn. Vera má að heimsókn í garð Hallsteins þar sem styttturnar eru, gæti boðið tækifæri til lærdómsríks undirbúnings og úrvinnslu. Þar eru oftast fáir á leikskólatíma.

Vináttuverkefnið Blær

Við vinnum með vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ. Því verkefni er ætlað að auka virðingu og skilning barna fyrir fjölbreytileika og draga úr líkum á neikvæðum áreitum, stríðni og enelti.

Hljóðvitund og hljóð bókstafanna

Með elstu börnunum höldum við áfram að vinna með verkefni sem heitir *Lubbi finnur málbein*. Markmið kennsluefnisins er að börnin læri hljóð íslensku bókstafanna með söng og leikjum.

Í vetur tökum við inn þá nýbreytni að vinna í tímabilum með hljóðkerfisþætti sem snúa einnig að markvissri málörvun. Í september verður sérstaklega unnið með rím, allt frá bullrími yfir í orðarím. Börnin fá aðgang að spilum og myndum sem þau geta leikið sér með og hjálpar þeim að mynda rím. Við vinnum áfram með sundurgreiningu orða og skiptingu orða í atkvæði.

Útinám

Auk daglegrar útivistar þar sem leikur barnanna fær að njóta sín í leikskólagörðunum, verður í vetur farið í styttri og lengri ferðir. Markmiðið er að kynna börnunum náttúruna í kring um okkur og leyfa þeim að njóta hennar og bera ábyrgð um leið. Elín Sigríður mun sjá um þennan lið starfsins sem mótast smám saman og í ferðunum sjálfum.

Samstarf við Fjölni með aðstoð foreldra, sundnámskeið

Í nokkur ár höfum við í samstarfi við Fjölni og með aðstoð foreldra farið með elstu börnin á sundnámskeið, sem sniðið hefur verið fyrir Sunnufold. Börnin hafa fengið sér tíma og við höfum kennara úr leikskólanum með þeim í karla- og kvennaklefa. Markmiðið er að börnin læri að synda og standi undir kröfum og væntingum sem felast í því að fara á íþróttanámskeið.

Póstar frá deildarstjórum, leikskólastjórum og fleiri kennurum

Allt að einu sinni í viku senda deildarstjórar upplýsingapósta til foreldra. Við biðjum ykkur að hafa samband um það sem óljóst er og beinum sérstökum þökkum til þess foreldris sem bað um útlistun á *starfi okkar með elstu börnunum* sem varð okkur hvatning til að gera þessa samantekt.

Hlutverk foreldra

Við biðjum ykkur áfram að fylgjast vel með og leita til okkar ef eitthvað er. Hlutverk foreldra er einnig að telja með barninu, fara yfir litina, að lesa og syngja með barninu. Börnin nota ýmis áhöld eins og skæri í leikskólanum en það er gott að klippa líka með þeim heima til að tryggja hverju þessa færni Einnig biðjum við ykkur að koma með myndir í persónumöppur barnanna.

Að lokum

Við hlökkum til samstarfsins í vetur. Það eru 17 börn fædd 2015 í Frosta og 6 í Loga og við ætlum að vinna saman á milli húsanna því við erum einn leikskóli sitt hvoru megin við Fjallkonuvegin.

Vonandi veitir þessi samantekt ykkur góða innsýn í *elstu barna starfið* í Sunnufold sem á hverju vori lýkur með útskriftarferð í Gufunes.

Með von um gott samstarf og kveðju frá okkur öllum í Sunnufold,

Halldóra á Mánakoti og Lísu á Álfheimum



Viðburðarskrá 2020-2021

Þessi viðburðarskrá er ekki tæmandi og við ákveðum fleiri viðburði með stuttum fyrirvara og látum foreldra vita af þeim. Allir viðburðir eru settir fram með þeim fyrirvörum sem sóttvarnaraðgerðir gegn Covid19 setja okkur.

Ágúst

- 6. ágúst, opnum báðar starfstöðvar klukkan 7:30 eftir sumarfrí.
- 10. ágúst hefjast aðlaganir nýrra barna í Loga og 24. ágúst í Frosta.
- 10. ágúst Hamingjutímabilið hefst.

September

- 11. september Appelsínugulur dagur
- 22. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Frosta 19:30
- 23. september Foreldrafundur fyrir foreldra barna í Loga 19:30

Október

- 5. október Skipulagsdagur. Sameiginlegur með grunnskólum. Leikskólinn er lokaður
- 6. október Málræktartímabilið hefst
- 9. október, afmæli Sunnufoldar, 9 ár frá stofnun.
- 16. október, bleikur dagur.
- 27. október, alþjóðlegur bangsadagurinn– Bangsaball.
- 31. október Hrekkjavakan -nánar auglýst síðar.

Nóvember

- 8. nóvember, baráttudagur gegn einelti. Verum góð hvert við annað, það er bannað að stríða og skilja útundan. Ræðum þau mál saman og með börnunum.
- 13. nóvember Hvítur dagur
- 16. nóvember fögnum við *Degi íslenskrar tungu*. Börn úr Foldaskóla koma og lesa fyrir leikskólabörnin.
- 20. nóvember, dagur mannréttinda barna, barnréttinda.
- 29. nóvember skipulagsdagur í Sunnufold. Leikskólinn er lokaður

Desember

- Nánar um desemberdagskrá kemur síðar, m.a. um starf í boði foreldrafélaganna, piparkökumálun og/eða föndur.
- 4. desember, foreldrakaffi. Nánar auglýst síðar og ef má í ljósi Covid19.
- 11. desember Jólasveinahúfudagur
- Stekkjastaur kemur til byggða 
- 16. desember, jólaball í Loga. Nánar auglýst síðar.
- 17. desember, jólaball í Frosta. Nánar auglýst síðar.
- 22. desember, rauður dagur.

Janúar

- 4. janúar Leiktímabilið hefst
- 6. janúar, Þrettándinn, síðasti dagur jóla skv. íslenskri jólahefð. Gengið frá jólaskrauti og jólin sungin út.
- 17. janúar Fjólublár dagur
- 24. janúar. Bóndadagur og þorrablót í Sunnufold. Gamlar matarhefðir sem tengjast þorra og föndur tengt þorranum.

Febrúar

- 5. febrúar, skipulagsdagur allan daginn. Sameiginlegur með grunnskólum. Leikskólinn er lokaður.
- 6. febrúar, Dagur leikskólans. Við höfum samtalið við börnin um leikskólann og hvað þau vilja að leikskólinn sé fyrir þau. Matsspurningar sem má nota til umbóta í starfinu ræddar með börnunum.
- 21. febrúar. Ömmu-og afakaffi
- 15. febrúar Bolludagur. Bolluvendur föndraðir og fiskbollur og rjómobollur borðaðar.
- 16. febrúar Sprengidagur. Saltkjöt og baunir að íslenskri hefð.
- 17. febrúar Öskudagur. Við höfum búningaball og sláum köttinn úr tunnunni
- Myndlistaskólanum í Reykjavík elstu börn

Mars

- 11. mars grænn dagur
- 12. mars Skipulagsdagur. Leikskólinn er lokaður

Apríl

- Páskaleyfi 1. apríl-5. apríl
- 9. apríl Gulur dagur
- 22. apríl, Sumardagurinn fyrsti. Leikskólinn er lokaður.
- Barnamenningarhátíð

Mái

- 1. maí Baráttudagur verkalýðsins. Leikskólinn er lokaður.
- 7. maí Brúnn dagur
- 10. maí Skipulagsdagur sameiginlegur með grunnskólum. Leikskólinn er lokaður.
- 15. maí Skræpóttur dagur
- 13. maí Uppstigningardagur. Lokað.
- 24. maí Annar í hvítasunnu. Leikskólinn er lokaður.
- 28. maí Útskrift elstu barnanna

Júní

- Sumarstarf
- 11. júní Skipulagsdagur. Leikskólinn er lokaður
- 17. júní. Þjóðhátíðardagur Íslands. Leikskólinn er lokaður.

Júlí

- Sumarlokun verður í 4 vikur. Nánar tilkynnt síðar

Gleðilegt starfsár, starfsfólk Sunnufoldar.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M Sjálfæðistímabil hefst	1 F Skírdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ Útskrift elstu barna	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S Heilbrigðistímabil hefst	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F Foreldrakaffi	4 M Leiktímabilið hefst	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M Sameiginlegur starfsdagur	5 F	5 L	5 Þ	5 F Sameiginlegur skipulagsdagur	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ Málaættartímabil hefst	6 F	6 S	6 M þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómanna dagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F Brúnn dagur	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F Sunnuföld 9 ára	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F Gulur dagur	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Sameiginlegur skipulagsdagur	10 F	10 L
11 Þ	11 F APPELSÍNUGULUR DAGUR	11 S	11 M	11 F Jólaveinahúfudagur	11 M	11 F	11 F Grænn dagur	11 S	11 Þ	11 F Skipulagsdagur	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Skipulagsdagur	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F Hvítur DAGUR	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F Fjólublár dagur	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F Dagur ísl. náttúru	16 F Bleikur dagur	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M Jólabbal Laga	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S Jólabbal Frosta	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M Jólamaður	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Barnamenningarhátíð	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F Foreldrafundur Frosti	22 S	22 S	22 F Rauður dagur	22 F Bóndadagur	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 F
23 S	23 M	23 F Foreldrafundur Logi	23 M	23 M	23 L Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Barnamenningarhátíð	23 S Hvítasunnudagur	23 F
24 M	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 L Annar í jöllum	26 Þ	26 F Ömmu-og afakaffi	26 F	26 M	26 M	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Pálmasunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 L Smákökubakstur í þessari viku	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M	31 M Gulur dagur	31 M		